

STJÓRNARTÍÐINDI B 107 – 2001

5. október 2001

2117

Nr. 756

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ Hafnarfjarðar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ Hafnarfjarðar.

Skipulagssvæðið afmarkast frá Norðurbakka af Reykjavíkurvegi, Austurgötu, Brekkugötu 8, Suðurgötu frá nr. 11 að nr. 28, meðfram Vesturhamri í suðurlóðarmörkum Strandgötu 50a, í áttina að strandlínunni og vestan við göngustíg meðfram sjávarkambinum að Reykjavíkurvegi. Deiliskipulag þetta kemur í staðinn fyrir deiliskipulag sem staðfest var af ráðherra 19. september 1983 með síðari breytingum, fyrir þetta skipulagssvæði.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 5. október 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

1. október 2001

Nr. 757

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Furuás 3 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 20. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts, Ásum, við Furuás 3. Í breytingunni felst að byggingarreitir stækkar til norðurs um u.þ.b. 3 m². Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 1. október 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.